

Ed.

153. Frumvarp til laga

[130. mál]

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Sveitarstjórnir láta mæla allar lóðir og lönd innan lögsagnarumdæma kaupstaða og innan skipulagðra svæða utan kaupstaða.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd á nefndum svæðum.

2. gr.

Landmælingastjórn ákveður mælikvarða uppdráttu og setur nánari reglur um mælingar, þannig að sem mest samræmi sé milli uppdráttu þessara og uppdráttu, sem gerðir eru samkvæmt III. kafla laga um landmælingar.

Skal uppdráttur sýna greinileg takmörk hvernar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Sveitarstjórn felur löggiltum landmælingamanni að mæla lóðir og gera uppdrátt af þeim, sbr. 11. gr. laga um landmælingar.

Landmælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjálts umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en landmælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir í sveitarfélaginu eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja landmælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur landmælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá ásamt lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður landmælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Nú vill lóðareigandi ekki hlíta merkjasetningu, og skal hann þá tilkynna það landmælingamanni innan 4 vikna eftir merkjastefnu.

Hafi mál ekki verið höfðað út af ágreiningi um lóðamörk innan 6 mánaða frá merkjasetningu, skal litið svo á að aðilar uni við þau lóðamörk, sem ákveðin hafa verið.

4. gr.

Sveitarstjórn löggildir bók, sem nefnist lóðarmerkjabók. Skal landmælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hvernar lóðar og setja hjá eftirrit að aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Landmælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðareigendum að gera fyrir-

vara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdraettinum, svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Landmælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Um ágreining út af lóðarmerkjum fer eftir III. kafla laga um landamerki o. fl.

6. gr.

Sveitarstjórn skal láta skrásetja allar lóðir og lönd, sem mæld eru samkvæmt lögum þessum.

Breytingar, sem verða á lóðum og húsum, skal jafnóðum rita í lóðaskrá og færa á uppdrátt.

Þegar mælingu lóðar er lokið, skal sveitarstjórn senda þinglýsingadómarara tilkynningu um mælingu ásamt uppdraetti.

Tilkynning skal fullnægja skilyrðum 5. gr. laga, um þinglýsing skjala og aflysing, og reglna skv. þeim.

Gerð og efni tilkynningar skal ákveða í reglugerð, er samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum landmælingastjórnar.

Fyrir þinglýsingu tilkynningar skal ekkert gjald greiða.

Samrit tilkynningar og uppdráttar skal sent Fasteignamati ríkisins.

7. gr.

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti á lóð eða parti úr lóð, nema landmælingamaður eða lóðarskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð sveitarstjórnar um samþykki hennar á skiptingunni.

8. gr.

Sveitarstjórn lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdraetti lóðarinnar.

Gjöld fyrir eftirrit, vottorð og aðra þjónustu, sem einstökum mönnum er veitt, skulu ákveðin í gjaldskrá, er ráðherra setur að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr sveitarsjóði.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landmælingastjórnar, reglur um skil tilkynninga og uppdrátt vegna lóða, sem mældar hafa verið í gildistíð eldri laga.

Sveitarstjórn getur skipað lóðarskrárritara til að framkvæma það, sem henni er falið í lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi taka þegar gildi um lögsagnarumdæmi kaupstaða.

Um skipulögð svæði utan kaupstaða taka lögín gildi, þegar ákvörðun sveitarstjórnar þar um, staðfest af ráðherra hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 35/1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og nr. 16/1951, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgönguráðherra skipaði 1975 til að semja frumvarp til laga um landmælingastjórn skv. þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1975.

Nefndin hefur samið frumvarp til laga um landmælingar, og er þetta frumvarp fylgifrumvarp þess.

Í III. kafla frumvarps til landmælingalaga er mælt fyrir um eignamælingar utan lögsagnarumdæma kaupstaða og skipulagðra svæða, en ekki þótti fært að hafa að öllu leyti sömu reglur um eignamælingar og gerð uppdráttá innan og utan þessara landsvæða.

Þetta frumvarp er samið með hliðsjón af lögum nr. 35/1914 og 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum Reykjavíkur og Akureyrar og gert ráð fyrir, að þau lög falli úr gildi við gildistöku þessara laga, en að öðru leyti er frumvarp þetta samið með hliðsjón af ákvæðum frumvarps til laga um landmælingar.